



## Ræða um vinstri stjórnina 1956-1958, ódagsett.

---

Bjarni Benediktsson – Stjórnmal – Ræður – Vinstri stjórn – 1956 - 1958

## Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

---

[bjarnibenediktsson.is](http://bjarnibenediktsson.is)

Einkaskjalasafn nr. 360

Ræður

Askja 4-3, Örk 6

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Á meðan vinstri stjórnin var við völd, hældist eitt stjórnarblaðið um yfir því, að a.m.k. væri sólin þó ekki hætt að skína, grasið að gróa né gefa á sjó. Sem betur var þetta satt hjá hinu annars lítt sannsögula blaði. Þó að margt gengi niður en skyldi, tókst stjórninni ~~þó~~ ekki að haggja náttúrunnar lögum. Þar af leiddi, eins og fram hefur komið í þessum umræðum, að á síðustu 3 árum hefur eins og á næstu árum þar á undan verið næg atvinna víðast hvar á Íslandi. [Við Íslendingar erum misæri vanir, en þegar Norðanlandssíld er undanskilin, hafa þessi ár, og einkum hið síðasta, verið mjög góð ár, bæði til sjós og lands. Útflutningur hefur <sup>overbrot</sup> t.d. aldrei verið meiri en á árinu 1958. Þetta kom af góðum aflabrögðum og möguleikum til að nýta aflann í landi. Sízt er og ástæða til að efa, að stjórnarvöldin hafi síðustu ár, ~~fróður en stíð áður~~ vilja láta gott af sér leiða, þó að misjafnlega takist til. En þegar þeir, sem þá báru ábyrgðina, hæla sér nú af hinum mikla útflutningi og atvinnu víðsvegar um landið, verður að benda á, að jafnvel þau taki, sem þeir leituðust við að afla, eins og bátar og smátogarar, hafa enn ekki haft neina verulega þýðingu í þessum efnum, að ógleymdum



svikunum um smíði og kaup á stóru togurunum 15. Það var sá floti, sem áður var búið að kaupa og fiskiðjuverin, sem reist höfðu verið, eða <sup>og sum læst kominn</sup> byrjað var á, áður en vinstri stjórnin tók við völdum, sem hér hafa úrslitum ráðið. Nægir þar að minna á Hraðfrystihúsið á Akureyri, Ísafirði og Hafnarfirði, svo að nokkur dæmi séu nefnd, Rafmagnsfrankvæmdirnar miklu úti um land og Sem-entsverksmiðjan, <sup>með</sup> allt var þetta hafið áður en vinstri stjórnin tók við völdum. Hið eina, sem hún getur þakkað sér í þeim efnum, er, að hafa ekki hætt við þær frankvæmdir, sem byrjað var á. <sup>inn</sup> Sjálfshróð þess efnis hefur ~~að vísu heyrzt,~~ <sup>haldi</sup> m.a. hjá Hermanní Jónassyni, í gær, og sannar það, ískyggilega, að af litlu er að státa.

Hið ískyggilega er, að þrátt fyrir góðari og mikla átvinnu víðsvegar um land, þá hefur aldrei sigið hraðar á ógæfuhlið í fjármálum þjóðarinnar en á þessum árum. Erlend lán hafa verið tekin í meira mæli en nokkru sinni fyrr. Sum þeirra, eins og t.d. <sup>til</sup> Sogsvirkjunarinnar, hafa farið til nytsamra frankvæmda, önnur eru í eðli sínu hrein eyðslulán. En í föstum lánnum hefur frá og með árinu 1956 verið aflag til landsins



Þá er ein helstu  
 lán töluvert  
 á framfarisskiptum  
 og vinstri stjórnmálum  
 hefur: ráðgjafi og  
 óvinnuflygandi  
 er, svo sem hún  
 skilte við

til ársloka 1958 rúmlega hálfum milljarð króna.  
 Með yfirfærslugjaldi nema <sup>er lánveittur</sup> þá afborganir og vextir  
 af þessum lánnum 210 milljónum króna, <sup>töluvert lán</sup> árslok.

Það er sérstaklega athyglisvert, að þrátt  
 fyrir stóráukinn útflutning síðasta ár, vantaði  
 enn svipað og áður til að greiðslujöfnuður næðist.  
 Hann fékkst með aukningu varnarliðsvinnu, og nam  
 aukning hennar ein kringum 60 millj. kr. og  
~~erlendri lántöku 166 milljónum króna á því eins~~

ári

Varnarliðsvinnan varð hjálparhella manna,  
 sem hétu því að reka liðið burt, og sögðu að  
 betra væri að vanta brauð en hafa her í landi,  
 ásamt brauðlánunum, sem m.a. voru útveguð með sam-  
 skotum hjá Atlantshafsbandalaginu með þeim <sup>vitabæ</sup>  
 fyrirvara, að ekki yrði hreyft við liðinu, svo sem  
 Hermann Jónasson <sup>skilte</sup> og <sup>skilte</sup> lysti yfir á fundi Atlantshafs-  
 ráðs í desember 1957 suður í París í ræðu, sem  
 aldrei hefur fengið birt á Íslandi.

Með öllu því fé, sem vinstri stjórnin hafði  
 yfiræð að ráða, sökum mikilla aflabragða, geypi-  
 legra lántaka og varnarliðsvinnu, er sízt furða, þó  
 að tækist að halda við samilegri atvinnu í landinu.  
 Hitt er eftirminnilegra, að þessi stjórn, sem



lofað hafði að finna varanlega lausn efnahags-  
 málanna, gafst alveg upp við það. Forsætisráðherr-  
 ann hljóp úr brúnni á þjóðarfleyinu, þegar hann  
 sagði nýja verðbólguöldu skollna yfir og kunni  
 hvorki einn út af fyrir sig né ásamt samstarfsmön-  
 num sínum nein ráð til bjargar. Sá, sem þannig  
 hefur hlaupið frá skyldu sinni á hættunnar stund,  
 er sízt verður trausts í framtíðinni, því að  
 hann hefur sjálfur kveðið upp yfir sér hinn harð-  
 asta dóm. Eðlilegt er þess vegna, að Framsóknar-  
 menn vilji nú láta þann dóm gleymast og víkja  
 talinu að öðrum eignum.

Það er auðvitað rétt að kosið verður um  
 kjördæmamálið nú, en það verður ekki síður kosið  
 um það, hvort menn vilji kveðja yfir sig vinstri  
 stjórn á ný. Ef þannig tækist til, sem óhugsandi  
 er, að kjördæmamálið yrði stöðvað, mundu engar  
 kosningar hausthestnað fara fram. Þá yrði ekki kosið aftur  
 á þessu ári, heldur mundi Framsóknarflokkurinn,  
 mennirnir sem hlupust frá vandanum 4. desember s.l.  
 reyna að stjórna landinu í sama anda og þeir áður  
 gerðu. Svardagar þeirra um hið gagnstæða sýna  
 raunar vitneskju þeirra um fordæming almennings á  
 því stjórnarfari. En menn vita nú, að þeim hátíð-  
 legar sem þeir sverja, þeim mun ríkari svikahneigð



býr þeim í brjósti. Enda hefur Eysteinn Jónsson þann fyrirvara á, sem gerirx honum undankomuna greiðfæra.

Þess vegna kjósa menn nú ekki síður um nýja vinstri stjórn en kjördæmabreytinguna. Hvort tveggja þetta er óaðskiljanlega samanofið, enda á ófarnaður efnahagsmálanna ekki sízt að rekja ratur sínar til kjördæmaskipunarinnar og þeirrar spillingar og ofurvalds Framsóknar, sem af henni hefur leitt. Réttlátari kjördæmaskipun er forsenda þess, að ~~xx~~ leiðréttingu verði komið við á því, sem mis hefur farið í efnahagsmálum okkar að undanfögnu.

Hér er þó miklu meira í húfi en efnahagslífið eitt.

Verkfallið mikla, sem háð var 1955, undir forystu kommúnista m.a. með tilstyrk Hermanns Jónssonar og stöðugar hótanir jafnvel fámennra stéttarfélaganna um lömun þjóðlífsins, sýna að íslenskt þjóðfélag er í beinni upplausnarhættu.

Hvort sem mönnum þykir það ljúft eða leitt, verður það ekki með nokkru móti umflúið, að úrslitaráð í frjálsu þjóðfélagi hljóta að vera þar sem fólksfjöldinn er. Ef þetta er ekki viðurkennt í skipun sjálfs Alþingis, hlýtur þar af að leiða, að



Alþingi missir bæði virðingu og völd. Svo fór einmitt á dögum vinstri stjórnarinnar. Eitt höfuðmál hennar var að fara valdið frá Alþingi yfir til annarra stofnana, þ.e.a.s. stéttarsamtakanna. Þau áttu að taka við því úrslitavaldi um málefni þjóðarinnar, sem Alþingi, ríkisstjórn og forseta Íslands er ætlað, samkvæmt stjórnarskrá lýðveldisins og vera hlýtur hjá þeim aðilum, ef lýðræði og lögleg skipun á að haldast á landi hér. Forysta Hermanns Jónssonar og Framsóknar um þetta spratt af því, að honum og þeim félögum var ljóst, að þeir höfðu ekki siðferðilegan rétt til þess valds, sem þeir fóru með á Alþingi. Þá skorti kjósendafylgi á bak við þingmannafjölda sinn. Þess vegna leituðu þeir í orði kveðnu eftir nýjum bakhjalli utan sjálfs Alþingis.

Úr hættunni af slíkri háttsemi var ekki dregið, þó svo færi, að loforðin um samráð við stéttarsamtökin reyndust hégóminn einber. Eins og glögglega kom fram í <sup>alþingunni</sup> þeirri ~~óvirðingum~~, sem nýgerðum samþykktum Alþýðusambandsþings, <sup>sem þessum voru</sup> var sýnd strax með jólagjöfinni svokölluðu í árslok 1956 og enn berara varð með þjargráðunum vorið 1958, þegar vilji 4/5 hluta verkalyðshreyfingarinnar var virtur að vettugi og látið una við samþykki 1/5 hluta eða



tæplega það á ráðstöfunum stjórnarvaldanna. Allra ljósast varð þetta þó á Alþýðusambandsþinginu í haust. Vandamálin voru alls ekki lögð fyrir það, heldur átti að fá það til þess eins að samþykkja frestun á samningsbundinni kauphækkun í því skyni, að ríkisstjórnin fengi síðan sjálfðæmi um hvað gert skyldi. Raunin varð sú, að Alþýðusambandið var svikið og Alþingi óvirt. Höfuðvandamál þjóðfélagsins voru aldrei borin undir Alþingi. Ríkisstjórnin sagði af sér, án þess að hafa skýrt Alþingi frá þeim vanda, sem við var að glíma, hvað þá að leggja nokkra tillögu fyrir það um lausn mála. Jafnvel fjárlagafrumvarpið var rytjur einar í fullkomnu ósamræmi við fyrirmæli stjórnarskrárinnar um efni slíks frumvarps. Lítil klíka valda-braskara ætlaði að hrifsa til sín það vald, sem Alþingi með réttu ber, og fara með það í nafni stéttarsamtaka, sem þó voru svikin strax og á reyndi.

Ferill vinstri stjórnarinnar var þó enn verri en jafnvel þessi ljóta saga gefur til kynna. Sjálfir hafa upphafsmenn þeirrar samvinnu lýst því, að tilgangur hennar hafi verið sá, að flokkarnir hver um sig ~~ætlaðu beinlínis að gera~~ hinum sem allra



mesta bölvun. Framsóknarmenn og Alþýðuflokks hafa  
berum orðum skýrt frá því, að tilátlan þeirra hafi  
verið sú, að eyðileggja þriðja samstarfsflokkinn,  
kommúnista. Og kommúnistar hafa ekki farið dult með,  
að þeir hafi haft í huga að ~~hann~~ bana Alþýðuflokknum.  
Nú eftir á <sup>leggjast og skilja, að</sup> helist Framsókn <sup>þóttast hafa á hreyft</sup> og um yfir að hún hafi  
leikið föstbróðir sinn frá síðustu kosningum, Alþýðu-  
flokkin, <sup>í atvörn á meir og hysmost af þeirri</sup> svo í samstarfinu, að litlar líkurséu  
<sup>dirfðu, að hann stuli hafa þótt eigin þóttu</sup> til, að hann fái nokkurn þingmann kosinn. Það sam-  
starf, sem efnt er til í slíkum anda, af því líkri  
viðleitni til að gera samstarfsmönnum sem allra  
mesta <sup>niðri</sup> bölvun, gat ekki farið öðru vísi en illa, eins  
og raun ber vitni. Um drengskapinn, sem lýsir sér  
í slíkum starfsháttum, þarf ekki að fjölyrða. En  
hvaða góður drengur mundi hefja samstarf eða félags-  
skap með öðrum í því skyni að koma honum á kné,  
hafa af honum æru og eignir? Þetta þætti fullur  
níðingsskapur í einkalífi og er það ekki síður í  
stjórnámálum.

Af lýsingum þessara samstarfsflokka nú eftir  
á, verður og ekki betur séð, en það, sem helzt  
hafi haldið þeim saman í þetta 2½ ár, sem stjórnin  
lagði, hafi verið áhugi þeirra hvers um sig við að  
hindra rannsókn á hinum og þessum sakamálum, ~~en~~  
er þeir töldu allt við liggja, að ekki væri hreyft.



Kommúnistar vildu ekki láta <sup>la</sup> Sannsaka sín "ábatasömu viðskipti" í gjaldeyrisbraski í ~~semen~~ sambandi við æskulýðsmótið í Moskvu 1957. En þar var ekki um það mál eitt að tefla, heldur mundi rannsókn á því sennilega hafa leitt til þess, að upp hefði komið hið nána fjárhagssamband kommúnistadeildarinnar hér á landi við höfuðstöðvar alheimskommúnismans austur þar. Með vist sinni í Stjórnarráðinu tókst kommúnistum að koma í veg fyrir, að þetta einstaka tekifæri til að kanna lífæð flokks þeirra væri notað.

Hins vegar bera þeir á samstarfsmenn sína í Alþýðuflokknum, að þeir hafi hindrað rannsókn á óeðlilegum fjárstraum til Alþýðublaðsins úr sjóðum Austurbæjargagnfræðaskóla/<sup>1</sup>Reykjavík. Alþýðuflokkurinn svarar því til, að ef ~~þessa~~ <sup>þarna</sup> sé einhver sekur, sé það Hannibal Valdimarsson, sem sitji inni með plöggin, er hér skipti öllu máli, en hann var formaður Alþýðuflokks og ritstjóri Alþýðublaðsins á þessu tímabili. ] Alþýðublaðið sakar á hinn bóginn foringja Framsóknar um, að það hafi verið skelkur þeirra, við rannsókn á nýju olíuhneyksli á Keflavíkurflugvelli, á framferði Olíufélagsins h/f og Hins íslenska Steinolíuhlutfélags þar syðra, sem hafi valdið mestu um



afsögn vinstri stjórnarinnar og hegðun Framsóknarforingjanna í því, sem á eftir gerðist.

Nú er Framsóknarmönnum ætlað að trúa því að þeirra fornu föstbræður skrökvi þessu ~~fr~~ upp frá ríðum. En ekkert sýnir betur skoðun Alþýðuflokksmanna á þessum nánú samstarfsmönnum sínum, en þessi skýring á því hvert sé þeirra helzta áhugamál og við hvað þeir miði sína stjórnmalabaráttu. Framsóknarflokkurinn hefur borið þessar sakir af sér, en með þeim hætti, að ekki er sannferandi. Tíminn skrifar um það æ ofan í æ, að Sjálfstæðismenn séu mikils ráðandi í þessum félögum. En hvenær hefur það heyrzt að Framsókn hafi haldið <sup>á lofti</sup> uppi þátttöku Sjálfstæðismanna í því sem lofsvert er? Mat þeirra á því, sem þar syðra hefur gerzt, sést því ljósast af þessari viðleitni til að blanda nú Sjálfstæðismönnum í þetta mál.

Það er og óhagganleg staðreynd, að Framsóknarmenn lögðu ofurkapp á að hindra rannsókn olíuþneykslis á árunum 1951 til 52 og "refsuðu" þeim, er þá var látinn taka höfuðsökina á sig, með þeim frumlega hætti, að Eysteinn Jónsson gerði hann að forstjóra Tóbakseinkasölu ríkisins.

Er þá þó enn ótalið það, sem þó er e.t.v.

ljótast, rögur þeirra hvers um sig um alla aðra í

Þess heli- svamin  
 skilgreint - til að  
 danna um sömin  
 gileti þessara  
 ísakanna. En  
 er líklegt, að  
 þessi fornu  
 föstbræður Fram-  
 sóknar skrökvi  
 þessu upp frá  
 ríðum, á t.m.k.

Þessi  
 þeirra  
 skrökvi  
 þessu  
 frá  
 ríðum.  
 En ekkert  
 sýnir  
 betur  
 skoðun  
 Alþýðuflokks-  
 manna  
 á þessum  
 nánú  
 samstarfsmönnum  
 sínum,  
 en þessi  
 skýring  
 á því  
 hvert  
 sé þeirra  
 helzta  
 áhugamál  
 og  
 við hvað  
 þeir  
 miði  
 sína  
 stjórnmalabaráttu.  
 Fram-  
 sóknarflokkurinn  
 hefur  
 borið  
 þessar  
 sakir  
 af sér,  
 en  
 með  
 þeim  
 hætti,  
 að  
 ekki  
 er  
 sannferandi.  
 Tíminn  
 skrifar  
 um  
 það  
 æ  
 ofan  
 í  
 æ,  
 að  
 Sjálfstæðismenn  
 séu  
 mikils  
 ráðandi  
 í  
 þessum  
 félögum.  
 En  
 hvenær  
 hefur  
 það  
 heyrzt  
 að  
 Framsókn  
 hafi  
 haldið  
 uppi  
 þátttöku  
 Sjálfstæðismanna  
 í  
 því  
 sem  
 lofsvert  
 er?  
 Mat  
 þeirra  
 á  
 því,  
 sem  
 þar  
 syðra  
 hefur  
 gerzt,  
 sést  
 því  
 ljósast  
 af  
 þessari  
 viðleitni  
 til  
 að  
 blanda  
 nú  
 Sjálfstæðismönnum  
 í  
 þetta  
 mál.



landhelgismálinu. Strax í ágúst í fyrra óskuðu Sjálfstæðismenn eftir því, að ríkisstjórnin gafi út tæmandi skýrslu um allt, sem í því máli hefði gerzt. Hermann virti þá ósk ekki svars og enginn vinstri stjórnarflokkanna hefur síðan tekið undir hana. Hinsvegar birta þeir nú á víxl, ~~eitt-hvað~~ sumt fyrst í útvarpsumræðunum í gar, sitt hvað úr sögu málsins og er þá það <sup>eitt</sup> helzt valið, sem ætlað er öðrum til svívirðingar. Finnbogi Rútur lét t.d. svo í gar, sem við Sjálfstæðismenn höfum verið tregir til að samþykka ályktunina, sem samþykkt var í málinu nú í þinglok. ~~Það er rétt, að~~ nokkurn tíma tók að íhuga málið, ~~en aldrei stóð á okkur um~~ að samþykkja slíka tillögu sem gerð var, því að hún var beinlínis sniðin eftir og að <sup>meigin</sup> efni til samhljóða ákvörðun landsfundar okkar í marz. Hitt er annað mál, að við Sjálfstæðismenn höfum ætíð talið orð skifta minna <sup>miðli</sup> en athafnir. Við höfum talið mjög miður, að ekki skuli hafa náðst samþykki um ákveðin viðbrögð gegn ofbeldi Breta hér við land. Þegar í ágúst kröfðumst við þess, að hin fyrirsjáanlega ógnun þeirra við íslenskt landssvæði væri kærð fyrir Atlantshafsráði. Þá hafnaði vinstri stjórnin því, vegna þess að

Enginn þeirra  
sagði t.d. frá  
því þá okkur.  
Þegar voru um  
ritning gæmninga  
þá við höfum í  
málinu stækkun.

en frestur þessa  
stafró: rist af  
því, at þat  
stæð:



hún sagðist ekki trúa því að Bretar gerðu alvöru úr hótunum. Þá voru herskip Breta þá lögð af stað til landsins. Hið sanna var að kommúnistar bönnuðu þá meðferð málsins og þess vegna var Hermann, sem farið hafði á fund Atlantshafsráðs fyrir júl 1957, til að tryggja sér samskotalánið, ófáanlegur til að endurtaka för sína af þjóðarnauðsyn 1958. En Finn- bogi Rútur lét sér sama að hæðast að því að bent hefur verið á þá nýju hættu af manna völdum, sem leidd hefur verið yfir Íslenzka sjómenn á Íslandsmiðum og stjórnin hefur hingað til ekkert gert til að afstýra nema að senda nokkrar mátt- lausar orðsendingar.

Sannast að segja eru allar þessar ásakanir hinna fyrrverandi samstarfsmanna með þeim hætti, að enginn mundi trúa, ef hann læsi þar ekki með eigin augum í blöðum þeirra hvern einasta dag.

Fávístlegt væri að neita því, að hin fjárhags- lega óreiða, stórkostleg skuldaaukning og lántökur með þeim hætti, sem gerðar voru, og óvirðing við Alþingi, svik við Alþýðusambandið, hindrun rannsókna á alvarlegum sakamálum og hroðalegar ásakanir manna, sem til skamms tíma höfðu tekið að sér að stjórna málefnum þjóðarinnar í sameiningu, allt

heyrð: þar ekkert  
með eigin augum  
og



þetta er merki óhollustu og spillingar í íslenskum stjórnámálum. Auðvitað er margt, sem veldur, og enginn er hér með öllu saklaus. En ein höfuðorsökin er sú, að grundvöllur stjórnskipulags okkar er fúinn. Því hefur farið svo fjarri, að allsherjarviljinn réði á Alþingi, eins og Jón forseti Sigurðsson sagði að vera þyrfti, að þingið hefur hlotið að missa virðing og völd. Þetta hefur nú komið skýrar fram í úrslitum kosninga hvað eftir annað.

Við kosningannar 1953 töpuðu Sjálfstæðismenn nokkuð hlutfallslega fylgi meðal þjóðarinnar í heild frá því, sem verið hafði næst áður. En þrátt fyrir tap sitt þá unnu þeir þingsæti. 1956 unnu Sjálfstæðismenn aftur á móti stórkostlega á með þjóðinni, bættu við sig mörg þúsund atkvæðum og juku hundraðshluta sinn af kjósendum landsins stórlega. En þá töpuðu þeir þingsætum. Flokkarnir tveir, sem mynduðu Hraðslubandalagið, misstu hinsvegar mjög fylgi með þjóðinni, en bættu við sig mörgum þingsætum, svo, að þó að þeir hefðu ekki nema líðlega þriðja hluta allra kjósenda, munaði minnstu, að þeir fengu meirihluta á Alþingi. Sú skipun, sem leiðir til þess, að þeir, sem tæpa fylgi hjá þjóðinni, fá aukinn fjölda þingmanna, en



hinir, sem vinna hjá þjóðinni, fá færri þingmenn en áður. Er slík ranghverfa alls lýðræðis og rétttra stjórnarháttar, sem óhjákvæmilega hlýtur að leiða til ófarnaðar. Svo hefur og orðið hér á landi.

Ráðið til þess að bæta úr þessu er, að ~~leiða~~ rétta og styrkja grundvöllinn, þannig að ranglætið verði úr sögunni. Að sjálfsögðu er sú lausn, sem Alþingi samþykkti ekki alfullkomin. Á sínum tíma vildi ég og ýmsir fleiri öllu heldur, eða a.m.k. allt eins, skipta landinu ~~því~~ í einmenningskjördæmi, sem væru öll nokkurn veginn jafn fjölmenn. En um þá lausn var Framsókn þá og eftir síðan óviðmælandi. Hún vill einungis hafa einmenningskjördæmi þar sem henni sjálfri hentar, en hlutfallskosningar þar sem hún hagnast á því. Við slíkan flokk er ómögulegt að semja um þetta mál, hann hlýtur að setja sjálfan sig utan við lausn málsins. Enda er það ekki Sjálfstæðisflokkurinn einn, sem gafst upp á að reyna samninga við Framsókn um málið, á sama veg hefur farið fyrir öllum öðrum stjórnmalaflokkum landsins. Það verður og að segja eins og er, að ofurveldi fjármagns Framsóknarflokksins og misnotkun hans á Sambandi